

Árnesi 9. ágúst 2020

Nefnd um framtíð Árness sendir inn eftirfarandi fyrirspurn með vísan í bókun sveitarstjórnar frá 04.09.2019 um skipun nefndarinnar:

"[...] nefnd er fjalli um framtíðarhlutverk Árness."

Samkvæmt svörum frá sitjandi sveitarstjóra til formanns nefndarinnar er vilji sveitarstjórnar að auglýsa eftir rekstraraðila að Félagsheimilinu Árnesi. Af þeim svörum má draga þá ályktun að framtíðarhlutverk Árness liggja því nokkuð ljóst fyrir.

Því óskar nefndin eftir að fá frekari leiðbeiningar frá sveitarstjórn varðandi störf sín og umboð. Það er:

1. Má líta sem svo á að ekki séu forsendur fyrir því að nefndin haldi áfram störfum?
2. Á nefndin að halda áfram sínu upprunalega hlutverki og skila af sér lýsingu á framtíðarhlutverki Árness sem verður nýtt sem stefnumarkandi áætlun til uppbyggingar fyrir félagsheimilið?
3. Á nefndin að starfa áfram með breyttu umboði og hvert er þá umboð nefndarinnar?

Með vinsemd og virðingu.

Nefnd um framtíð Árness.

Anna Kr. Ásmundsdóttir

Anna Björk Hjaltadóttir

Eyþór Brynjólfsson

Hannes Einar Einarsson

(Hrönn Jónsdóttir).